

## 8. fundur skólaráðs – 7. júní 2022

Fundurinn hófst kl. 8:10

Mættir: Margrét Halldórsdóttir skólastjóri, Rúna Björk Júlíusdóttir og Tómas Leifsson fulltrúar foreldra, Unnur Björk Arnfjörð fulltrúi grendarsamfélagsins og Lilja Hrönn Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, fulltrúar nemanda mættu ekki þar sem skóla var lokið. Íris Anna Randversdóttir og Bergljót Bergsdóttir fulltrúar kennara boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Niðurstöður skólapúlsins – Margrét fór yfir nýjustu niðurstöður skólapúlsins. Margt jákvætt í niðurstöðunum en líka vísbendingar um að betur megi gera. Gert hefur verið grein fyrir niðurstöðunum í nýjasta fréttabréfi skólans auk þess sem þær munu birtast í starfsáætlun næsta skólaárs.
2. Liðurstöður lesfímiprófa – Margrét fór yfir niðurstöður síðustu lesfímiprófa og lagði áherslu á mikilvægi þess að nemendur haldi færni sinni við yfir sumarið.
3. Breytingar á húsnæði skólans – Margrét fór yfir fyrirhugaðar breytingar á húsnæði Engidalsskóla og skólalóðar í sumar. Skjalasafn sem verið hefur í kjallara Engidalsskóla hefur nú verið flutt og mun félagsmiðstöð og hluti starfsemi Álfakots flytjast í það rými. Utan dyra verður bílastæðum fjölgað, gert stæði fyrir rútur, hjólagerði sett upp og gróðri eitthvað breytt.
4. Umbótaáætlun 2021-2022 – Margrét fór yfir umbótaáætlun skólaársins 2021-2022 og hvað hefur náðst og í hverju er en verið að vinna.
5. Umbótaáætlun 2022-2023 – Margrét fór yfir það að ekki hefði tekist að klára umbótaáætlun fyrir fundinn eins og áætlanir voru uppi um og því frestast málið þar til á fyrsta fundi skólaráðs í haust.
6. Matsáætlun skólans – Margrét fór yfir hvernig innra mati skólans er háttað. Árlega leggur skólapúlsinn fyrir kannanir meðal foreldra, nemenda og starfsmanna. Auk þess notast skólinn við BravoLesson til að meta einstaka kennslustundir og faglegt starf skólans. Rætt um það hvernig geta foreldrar komið betur að mati á skólastarfinu og ákveðið að taka upp samtali við foreldra í haust.

Fundi slitið kl. 8:30